

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2020

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um viðspyrnustyrki, 334. mál.

Með frumvarpinu er verið að veita einstaklingum og lögaðilum sem stunda tekjuskattsskyldan atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi heimild til að sækja um viðspyrnustyrki vegna tekjufalls af völdum heimsfaraldursins.

Áætlað er að úrræðið muni leiða til útgjalda úr ríkissjóði sem nema um 20 mö.kr. vegna tímabilsins 1. nóvember 2020 til 31. maí 2021. Athygli vekur að fyrirtæki sem voru stofnuð allt fram til 1. október 2020 eiga rétt á úrræðinu að uppfylltum skilyrðum þess.

Auk þeirra 20 ma.kr. útgjalda úr ríkissjóði sem áætlað er að viðspyrnustyrkirnir muni kosta ber að hafa í huga að þeir taka við af tekjufallsstyrkjum sem áætlað er að muni kosta ríkissjóð um 31 milljarð á árunum 2020 og 2021. Alls munu því rúmlega 50 ma.kr. úr ríkissjóði fara til rekstraraðila vegna þessara tveggja úrræða.

Mikilvægt er að tryggja að þau fyrirtæki sem þiggja tekjufalls- og viðspyrnustyrki þurfi að sýna fram á að ráðningarsambandi við starfsfólk hafi verið viðhaldið. Þá áréttar BSRB þá skoðun sína að til að gæta sanngirnis og tryggja að fjármunum sem teknir eru úr sameiginlegum sjóðum sé varið til að verja sameiginlega hagsmuni verður að telja eðlilegt að umræddir styrkir séu háðir því skilyrði að ljóst sé að fyrirtæki hafi ekki fært eignir sínar í skattaskjól, hafi nýlega eða muni greiða sér út arð á meðan aðstoðarinnar nýtur og sömuleiðis muni ekki kaupa eigin bréf yfir sama tímabil. Sama gildi um launasetningu, bónusgreiðslur og starfslokasamninga til stjórnenda fyrirtækjanna.

BSRB telur tímabært að fram fari greining á því hverjir séu að nýta sér stuðningsúrræði stjórnvalda vegna kórónuveirufaraldursins ásamt greiningu á því hvort að markmiðum þeirra hafi verið náð. Sú vinna mun m.a. koma að góðum notin þegar löggin, nái frumvarpið fram að ganga, verða endurskoðuð eigi síðar en í mars 2021.

Fyrir hönd BSRB



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
hagfræðingur